

**Nd.**

### **148. Breytingartillögur**

við frv. til laga um þinglýsing skjala og aflýsing.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Sá, sem vill fá skjali þinglýst, skal afhenda það í tveim samhljóða frumritum, eða í frumriti og eftirriti. Að minsta kosti annað frumritið eða eftirritið skal ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmáláherra hefir löggilt til þess. Pappír þessi skal vera hentugur bæði til áritunar með ritvjel og penna og til sölu við hæfilegu verði hjá öllum bóksölum landsins, sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum og hreppstjórum.

2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Pegar dómara er afhent skjal til þinglýsingar, skal hann sannreyna, að bæði eintök skjalsins sjeu samhljóða, og að því búnu ritar hann á bæði eintökin vottorð um móttökudag og stund, merkir þau bæði á sama hátt og afhendir síðan frumritið, ef eftirrit fylgir, en ella það eintakið, sem stimplað kann að vera. Ef hvorugt frumritið er stimplað, afhendir hann það, er honum sýnist.

3. Við 8. gr. Orðin »ef því er lýst á næsta þingi eftir fyrirmælum 7. gr.« falli burt.

4. Við 10. gr.

a. Á eftir orðunum »Pau samrit . . . . . þinglýsingar beiðast« í upphafi greinarinnar komi: og eftirritin.

b. Upphaf 2. másl. gr. orðist svo:

Skulu samritin og eftirritin þá bundin o. s. frv.